



NORRÆNA
FÉLAGIÐ
1922 - 2022

2022
ÁRSYFIRLIT



Efni

- 2 2022: Afmælisárið
- 3 Dagur Norðurlanda
- 4 Sambandsþing
- 5 100 ára afmæli Norræna félagsins
- 7 Norrænn afmælis- og vinalundur
- 9 Fundur fólksins
- 10 Höfuðborgarmót í Reykjavík
- 11 Útvarpsþættir á Rás 1
- 12 Forseti Íslands gerist verndari Norræna félagsins
- 13 Spurningaskrá Þjóðminjasafns Íslands
- 13 Stofnfundur Norræna félagsins á Austurlandi
- 14 Info Norden
- 15 Nordjobb
- 16 Snorraverkefni
- 17 Annað

2022: AFMÆLISÁRIÐ

Á hundrað ára afmæli Norræna félagsins er við hæfi að staldra við og njóta, líta aðeins til baka og þakka það mikla óeigingjarna starf sem hundruð manna hafa innt af hendi með ötulu starfi og hugsjón. Það hefur kostað mikla vinnu og mikinn eldmóð margra aðila á þessum hundrað árum að ná þessum áfanga og þeim ber að þakka.

En hvað er það sem gerir Norðurlöndin svona sérstök að félag sem hefur það að markmiði að efla norrænt samstarf og auka skilning á menningu, tungumálum og samfélögum Norðurlandanna nær að fagna aldarafmæli?

Það er ekkert eitt svar við því en það sem einkennir þetta gamalgróna Norðurlandasamstarf sem Norrænu félögin eru er sameiginleg saga, sameiginleg menning og þau grundvallargildi um hvað sé gott, rétt og æskilegt. En fyrst og fremst er það fólkið sem hefur haldið starfi félagsins lifandi allan þennan tíma og er tilbúið að gefa tíma sinn í þágu félagsstarfs.

Á afmælisárinu fóru fulltrúar Norræna félagsins í heimsóknir í fjölmörg ráðuneyti, stofnanir og félagasamtök og ræddu við fólk um norrænt samstarf. Margt áhugavert kom fram í þeim samtölum. Nánast allir eru í einhverskonar norrænu samstarfi og er það víða grunnurinn að alþjóðlegu samstarfi; fyrst er leitað til Norðurlandanna og síðan mynduð tengsl annars staðar og þá oft í samfloti með Norðurlandabúum. Við könnumst örugglega flest við það að utan Norðurlandanna sækjum við í hvert annað og komum oft fram sem ein heild, fjölskylda og vinir. Svo sterkt er þetta samstarf að Norden er orðið verðmætt vörumerki sem er notað til að kynna norræna samvinnu og menningu á alþjóðavísu.

En er raunsætt að tala um norrænt samstarf næstu 100 árin? Norrænt samstarf hefur gefið af sér einhver farsælustu samfélög veraldarsögunnar, gríðarlegar efnahagslegar og samfélagslegar framfarir og Norðurlöndin hafa í sameiningu verið leiðandi afl í mannréttindum, umhverfismálum og félagslegu réttlæti í heiminum.

Vissulega er hætta á að norrænt samstarf missi tilgang sinn ef ekki er hlúð að því og markvissar ákvarðanir teknar til að auka og styrkja samstarfið sem enn virðist vera mikil þörf fyrir.

Við skulum ekki gleyma því að hið nána norræna samstarf varð ekki til á einum degi.

Ásdís Eva Hannesdóttir

Framkvæmdastjóri Norræna félagsins á Íslandi

Dagur Norðurlanda

23. mars



Ráðhús Reykjavíkur flaggaði í tilefni dagsins.

Dagur Norðurlanda er haldinn hátíðlegur árlega vítt og breytt um öll Norðurlöndin en í yfir 85 ár hafa Norrænu félögin staðið fyrir fjölbreyttum viðburðum á þessum degi.

Í tilefni af Degi Norðurlanda 23. mars 2022 og 100 ára afmælis Norræna félagsins (1922-2022) bauð Norræna félagið og Norræna húsið til norræns gestaboðs í Norræna húsinu. Þema dagsins var *Friður, frelsi og lýðræði* og fundarstjóri var Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir.

Meðal ræðumanna voru Hrannar B. Arnarsson formaður Norræna félagsins, Sabina Westerholm forstjóri Norræna hússins, Ann-Sofie Stade sendiherra Finnlands og Steinunn Þóra Árnadóttir formaður Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins. Bogi Ágústsson fyrrum formaður og stjórnarmaður í Norræna félaginu flutti erindi um Norðurlönd og stríðið í Úkraínu og Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður opnaði norræna spurningaskrá í Þjóðháttasafni.

Sönghópurinn Spectrum flutti tónlistaratriði og Þorvaldur S. Þorvaldsson, heiðursfélagi Norræna félagsins, stjórnaði fjöldasöng. Að dagskrá lokinni var boðið upp á léttar veitingar.

Sambandsþing

1.-2. apríl

Á sambandsþingi Norræna félagsins urðu breytingar á lögum félagsins og fækkað var í stjórn.



Sigrún Einarsdóttir og Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir



Ávarp formanns Norræna félagsins

Stjórn Norræna félagsins 2022 – 2024

Hrannar Björn Arnarsson, formaður
Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, varaformaður
Helgi Þorsteinsson, gjaldkeri
Jóngeir Hlinason, ritari
Guðni Olgeirsson, meðstjórnandi
Silja Dögg Gunnarsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn

Guðjón Brjánsson
Signý Ormarsdóttir
Birgit Schov
Therese Möller

Skoðunarmenn reikninga

Hildur Helga Gísladóttir
Sigrún Einarsdóttir

Norræna félagið á höfuðborgarsvæðinu

Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir var kjörin formaður Norræna félagsins á höfuðborgarsvæðinu á aðalfundi deildarinnar 1. apríl.

100 ára afmæli



1922 - 2022

Þann 29. september 2022 voru liðin 100 ár frá stofnun Norræna félagsins á Íslandi og var allt árið var helgað norrænu samstarfi, norrænni vitund, menningu og samkennd. Sérstök heimasíða - norden100.is - fór í loftið með norrænu viðburðadagatali og örsögusöfnun.

29. september

Afmælishátíðin hófst með vígslu norræns vinalundar í Fossvogsdalnum.

Um kvöldið fór fram hátíðarkvöldverður á Hótel Borg þar sem Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra og Hrannar Björn Arnarsson, formaður Norræna félagsins, fluttu ávörp.

Veislustjóri kvöldsins var Anna Svava Knútsdóttir og Hundur í óskilum sá um skemmtiatriði.

30. september

Föstudaginn 30. september var efnt til norrænnar ráðstefnu í Þjóðminjasafni Íslands. Yfirskrift ráðstefnunnar var *Ný tækifæri í norrænu samstarfi - Friður, traust og lýðræði*. Ráðstefnustjóri var Bogi Ágústsson fréttamaður og fyrrum formaður Norræna félagsins.

Dagskrá:

- Árangur norræns samstarfs fyrir Norðurlöndin - Vision 2030
- Varnar- og öryggismál á Norðurlöndum
- Norðurskautssvæðið og Norðurlönd



Bogi Ágústsson



Kristina Háfoss



Björn Bjarnason



Inga D. Markussen

Fyrirlesarar og þátttakendur í pallborðsumræðum voru:

Björn Bjarnason - fyrrverandi ráðherra og alþingismaður

Inga Dóra Markussen - formaður Nuuk-deildar Siumut-flokksins á Grænlandi

Kristina Háfoss - framkvæmdastjóri skrifstofu Norðurlandaráðs

Hrannar Björn Arnarsson - formaður Norræna félagsins á Íslandi

Í tilefni aldarafmælisins skrifuðu þau Hrannar Björn Arnarsson, formaður Norræna félagsins á Íslandi, og Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, formaður afmælisnefndar, eftirfarandi grein sem birtist í Fréttablaðinu á stofndeginum.



29. september 2022

Norræna félagið á Íslandi fagnar í dag að eitt hundrað ár eru liðin frá stofnun félagsins. Þau voru satt best að segja ekki mörg sem sáu tilgang eða mikið vit í hugmyndinni um norrænt samstarf þegar félagið var stofnað 29. september árið 1922, enda kannski ekki von.

Noregur, Finnland og Ísland voru eðlilega með hugann við eigið sjálfstæði og grunnt á því góða á milli norrænu frændþjóðanna sem hver um sig reyndi að fóta sig í nýjum heimi eftir hildarleik heimsstyrjaldarinnar fyrri.

En hugmyndinni um norrænt samstarf, samstöðu og vinskap tókst að festa rætur í hrjóstrugum jarðvegi millistríðsáranna, lifa af og vaxa í gegnum heimsstyrjöldina síðari og springa síðan út, sem kröftug fjöldahreyfing um öll Norðurlöndin. Enginn efast í dag um mikilvægi og ríkulegan ávöxt norræns samstarfs enda njóta fáar pólitískar hugmyndir eins víðtæks stuðning almennings og stjórnmalaflokka.

Norrænt samstarf hefur gefið af sér einhver farsælustu samfélög veraldarsögunnar, gríðarlegar efnahagslegar og samfélagslegar framfarir og Norðurlöndin hafa í sameiningu verið leiðandi afl í mannréttindum, umhverfismálum og félagslegu réttlæti í heiminum.

En það sem er mest um vert og án nokkurs vafa dýrmætasti ávöxtur hugsjónarinnar um norrænt samstarf, er sú vinátta, samhugur og samstaða sem nú ríkir milli íbúa norrænu landanna átta. Þau traustu vinabönd eru fráleitt sjálfgefin eða sjálfsögð, hvort sem horft er til blóðugrar átakasögu norrænna þjóða fyrr á tíð, eða stríðsátaka nútímans, meðal bræða og systrabjóða Evrópu. Þetta hefur tekist með einarðri baráttu norrænu félaganna í eitt hundrað ár og því þéttriðna norræna samstarfi á flestum sviðum samfélagsins, sem sú barátta hefur skilað.

Við sem viljum veg norræns samstarfs sem mestan, getum því litið afar stolt um öxl á hundrað ára afmæli Norræna félagsins á Íslandi. Við getum líka og eigum að horfa hnarreist fram á vegin, sannfærð um mikilvægi og óþrjótandi möguleika norræns samstarfs og þá dýrmætu gjöf sem vinátta norrænu þjóðanna sannarlega er.

Til hamingju með daginn – meira norrænt samstarf!

*Hrannar Björn Arnarsson, formaður Norræna félagsins á Íslandi
Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, formaður 100 ára afmælisnefndar*




Norrænn trjálundur

Norrænn afmælis- og vinalundur var vígður í Fossvogsdal á 100 ára afmæli Norræna félagsins 29. september 2022. Verkefnið er samstarf Kópavogsbæjar og Norræna félagsins í tilefni aldarafmælisins.

100 plöntur hafa verið gróðursettar í lundinn, þar af átta mismunandi trjáplöntur og runnar sem tákna hvert sitt land á Norðurlöndum. Tré frá öllum Norðurlöndunum munu þar minna okkur á mikilvægi norrænnar samvinnu, samstöðu og vinarþels.



Við dæmigerðan trjágróður fyrir hvert land hefur verið komið fyrir skilti með fána og QR-kóða þar sem kalla má fram fróðleik um viðkomandi land.



Kópavogsbær úthlutaði um 400 m² svæði fyrir lundinn sem er við enda Álfatúns í Kópavogi á móts við Fossvogsskóla. Gróðursetning hófst 31. maí þegar félagsmenn Norræna félagsins gróðursettu fyrstu trén, og henni lauk 16. ágúst.

Eftirfarandi tegundir voru gróðursettar:

- **Hafþyrni – fyrir Álandseyjar**
- **Beyki – fyrir Danmörku**
- **Hengibjörk – fyrir Finnland**
- **Rjúpnvíðir fyrir Grænland (salix glauca)**
- **Gulvíðir (brekkurvíðir) – fyrir Færeyjar**
- **Birki (embla) – fyrir Ísland**
- **Rauðgreni – fyrir Noreg**
- **Skógarfura – fyrir Svíþjóð**

Lundurinn hefur þann tilgang að minna á gildi og mikilvægi norrænnar vináttu og samstarfs en mun einnig nýtast til fræðslu um Norðurlöndin. Snælandsskóli og Fossvogsskóli munu geta nýtt sér lundinn til fræðslu og ánægju um ókomna tíð.



Björg Baldursdóttir, skólustjóri Kársnesskóla og varabæjarfulltrúi, flutti ávarp fyrir hönd Kópavogsbæjar við tilefnið og Hrannar B. Arnarsson formaður Norræna félagsins sömuleiðis.

Nemendur Snælandsskóla sungu lag úr söngleiknum um Ronju ræningjadóttur við athöfnina sem var sótt af fulltrúum Norræna félagsins og gestum frá Norðurlöndunum auk fulltrúa Kópavogsbæjar.



Fundur fólksins

16.-17. september

Norræna félagið er einn af framkvæmdaraðilum lýðræðishátíðar Fundar fólksins sem haldin er á hverju ári á Íslandi.

Tilgangur fundarins er að skapa vandaðan vettvang þar sem boðið er til samtals milli almennings, stjórnmalafólks og frjálsra félagasamtaka, þar sem lýðræði og opin skoðanaskipti eru leiðar-stefið.

Markmið hátíðarinnar er að skapa meira traust og skilning á milli ólíkra aðila samfélagsins án þess að vera föst í venjubundnum umræðufarvegi stjórnmalá og fjölmiðla.

Fundur fólksins er sjálfstæð hátíð og ekki tengd neinum hagsmunaöflum á Íslandi eða annars staðar.

Fundur fólksins 2022 var opnaður með pomp og prakt föstudaginn 16. september í viðburðarsal Norræna hússins. Eftir opnunarræður var Krakkaveldi með atriði en Krakkaveldi eru samtök krakka sem vilja breyta heiminum. Þau kynntu nýtt lýðræðisafli og stefnumál sín til næstu ára. Mikil og góð stemning var við opnunina.

- **Jónas Guðmundsson, formaður Almannaheilla, flutti ávarp og opnaði hátíðina**
- **Einar Þorsteinsson, formaður borgarráðs flutti hátíðarávarp**
- **Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumálaráðherra flutti hátíðarávarp**
- **Atriði frá Krakkaveldi**
- **Gunnar Helgason og börn ræddu bókmenntir og mikilvægi lesturs**

Að loknum hátíðarávörpum og opnunaratriðum var gengið til dagskrár sem stóð yfir frá kl. 11 -18 föstudaginn 16. september og 11 - 18 laugardaginn 17. september.



16. - 17. september í Norræna húsinu



Hefðbundnir streymisviðburðir fóru fram í sal Norræna hússins og í Grósku en í stóru viðburðartjaldi á lóð Norræna hússins voru kynningarbásar frá félagasamtökum og stjórnmalaflokkum. Þar fóru einnig fram minni viðburðir, námskeið og sófaspjall. Lokaviðburður hátíðarinnar og tónleikar fóru svo fram í tjaldinu á laugardeginum.

Í ár voru tæplega 40 félög sem skráðu þátttöku á Fund fólkins. 38 viðburðir fóru fram á þessum tveimur dögum í tveimur sölum og stóru viðburðartjaldi á tveimur stöðum í Vatnsmýrinni.

Af þessum 38 viðburðum var streymt frá 21 úr tveimur sölum, í Norræna húsinu og Grósku. Streymt var frá öllum viðburðum samtímis á heimasíðu Fundar fólksins og á visir.is.

Streymistölur sýna að allt í allt horfðu rúmlega 8.000 manns á hátíðina í beinu streymi.

Höfuðborgarmót í Reykjavík

28. sept - 2. okt

Norræna félagið á Íslandi bauð félögum sínum á Norðurlöndunum til höfuðborgarmóts í Reykjavík dagana 28. september - 2. október, 2022.

Ríflega 40 þátttakendur skráðu sig. Hluti af dagskrá höfuðborgarmóts var þátttaka í 100 ára afmælishátíð félagsins, sem fram fór 29.- 30. september, 2022.

Meðal dagskrárliða var vígsla norræns vinalundar í Fossvogsdal, hátíðakvöldverður á Hótel Borg, afmælisráðstefna í Þjóðminjasafninu og dagsferð um höfuðborgarsvæðið og þar sem heimsóttir voru staði eins og Glúfrasteinn, Álafoss, Hafnarborg, Bessastaðir, minningarreitir í Vatnsmýri og Norræna húsið þar sem Sabina Westerholm forstjóri tók á móti hópnum.

Lokahóf Höfuðborgarmótsins fór fram í IÐNÓ í Reykjavík.

Útvarpsþættir á RÁS 1

17. - 28. október

Uppástand er þáttur á RÁS 1 þar sem fólk úr ýmsum áttum flytur stuttar hugleiðingar sem tengjast sama umfjöllunarefni. Dagana 17.- 28. október 2022 var Uppástand sent út í samvinnu við Norræna félagið í tilefni af 100 ára afmælinu. Um var að ræða tíu örþætti sem voru á dagskrá kl. 12:03 alla virka daga. Þættirnir eru aðgengilegir í spilara RÚV til október 2023.

Dagskrá

- 17. okt – 100 ára afmæli Norræna félagsins – Hrannar Björn Arnarsson, formaður Norræna félagsins.
- 18. okt – Samstarf Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafnsins og Norræna félagsins – Helga Vollertsen, sérfræðingur þjóðhátta við Þjóðminjasafn Íslands.
- 19. okt – Konungar Íslands – Kristján Sveinsson, sagnfræðingur.
- 20. okt – Upplýsingaþjónusta Norrænu ráðherranefndarinnar – Ástrós Signýjardóttir, verkefnastjóri Info Norden.
- 21. okt – Samvinna norrænu þjóðþinganna – Helgi Þorsteinsson, stjórnarmaður í Norræna félaginu.
- 24. okt – Umhverfissamstarf – Tryggvi Felixsson, auðlindahagfræðingur og fyrrum starfsmaður Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs.
- 25. okt – Norræn samvinna á sviði menningarmála – Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, þjóðfræðingur og formaður Höfuðborgardeildar Norræna félagsins á Íslandi.
- 26. okt – Ungt fólk og Norðurlöndin – Hannes Björn Hafsteinsson, verkefnastjóri Nordjobb hjá Norræna félaginu.
- 27. okt – Skiptinám á Norðurlöndum – Pála Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri hjá Norræna félaginu.
- 28. október – Tækifæri í norrænni samvinnu – Ásdís Eva Hannesdóttir, framkvæmdastjóri Norræna félagsins

Forseti Íslands gerist verndari Norræna félagsins

19. desember

Forseti Íslands, herra Guðni Th. Jóhannesson, tók á móti fulltrúum Norræna félagsins á Bessastöðum 19. desember og gerðist verndari félagsins. Verndarhlutverkið mun fylgja embættinu.

Þetta var góður lokapunktur aftan við afar heppnað afmælisár að embætti forseta Íslands hafi samþykkt að gerast verndari félagsins og við þökkum kærlega fyrir okkur.



Spurningaskrá Þjóðminjasafns Íslands

Spurningaskrá 134

Í tilefni af 100 ára afmæli Norræna félagsins leitaði félagið í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands til heimildamanna til að safna upplýsingum um viðhorf almennings til Norðurlandanna og norræns samstarfs.

Leitað var til þeirra sem hafa reynslu af norrænu samstarfi í einni eða annarri mynd, hvort heldur sem er gegnum nám, í starfi, félagsstarfi eða vegna fjölskyldusögu.

Í sumar var spurningaskránni fylgt eftir með viðtölum við valda einstaklinga. Til verksins voru fengnir nemar í Þjóðfræði við Háskóla Íslands. Sérstaklega var sóst eftir að finna skemmtilegar sögur og frásagnir, svokallaðar örsögur, sem tengjast norrænu samstarfi.

Hægt er að svara spurningaskránni á sarpur.is - Þjóðhættir - Spurningaskrá númer 134.

Stofnfundur Norræna félagsins á Austurlandi

8. júní

Stofnfundur nýrrar félagsdeildar Norræna félagsins á Austurlandi fór fram fyrir fullu húsi 8. júní. Það er Signý Ormarsdóttir sem hefur haft veg og vanda af stofnun deildarinnar.

Á fundinn mætti áhugasamt fólk úr flestum byggðarlögum svæðisins sem ætla að beita sér fyrir auknu norrænu samstarfi og vinarþeli landanna á milli.

Hrannar Björn formaður Norræna félagsins á Íslandi flutti ávarp um mikilvægi norræns samstarfs og Ásdís Eva Hannesdóttir framkvæmdarstjóri félagsins fór yfir helstu verkefni.

Deildin var stofnuð formlega, nýir félagar skráðir og stjórn kosin.

Info Norden

Info Norden er upplýsingaþjónusta um réttindi og skyldur við búferlaflutninga milli Norðurlanda.



Árið 2022 var enn eitt metárið hjá Info Norden. Þrátt fyrir að fyrirspurnum um kórónuveirufaraldurinn hafi fækkað til muna þá fjölgaði almennum fyrirspurnum ásamt því að heimsóknir á heimasíður Info Norden náðu hámarki. Um 1,9 milljón heimsókna mátti telja á upplýsingasíður Info Norden sem er um 21% aukning frá árinu 2021. Á árinu 2022 tók Info Norden á móti 5.370 fyrirspurnum frá borgurum sem er um 7% aukning frá árinu áður.


Stór hluti þeirra fyrirspurna sem Info Norden á Íslandi tekur á móti fjalla um flutninga til Danmerkur, bæði vegna náms og vinnu. Íslendingar sem fluttu erlendis á árinu 2022 höfðu samband við Info Norden m.a. vegna vandamála sem tengdust því að langur biðtími er eftir skráningu í þjóðskrár annarra Norðurlanda. Slíkur biðtími getur m.a. valdið erfiðleikum sem tengjast almannatryggingum og skólagöngu.

Info Norden er öflugt á samfélagsmiðlum, s.s. á Facebook og Twitter, og setur reglulega inn fréttir þar sem eru norrænum borgurum gagnlegar. Má sem dæmi nefna fréttir um sveitarstjórnarkosningar, breytingar á lögum er varða Norðurlöndin eða umsóknarfresti. Info Norden hefur á árinu einnig notað myllumerkið #nordichumans til að koma á framfæri sögum af almennum borgurum sem hafa nýtt sér þjónustu Info Norden við flutninga milli Norðurlandanna.

Info Norden vinnur að því að uppræta svokallaðar stjórnsýsluhindranir. Árið 2022 tók Info Norden á móti 138 fyrirspurnum sem túlkaðar voru sem mögulegar hindranir. Í öll þau skipti hefur verkefnastjóri Info Norden samband við Stjórnsýsluhindranaráð Norrænu ráðherranefndarinnar sem vinnur að úrlausn slíkra mála.



Árni Faust/infonorden.org



Mia Karlsen/infonorden.org



Yasir Levy/infonorden.org

Nordjobb

Árstíðabundin störf og ævintýri fyrir ungmenni á Norðurlöndum.

Nordjobb miðlar árstíðabundnum störfum og húsnæði auk menningar- og frístundadagskrá til ungmenna á aldrinum 18-30 ára. Nordjobb á Íslandi er rekið af Norræna félaginu en höfuðstöðvar verkefnisins eru staðsettar á skrifstofu Sambands Norrænu félaganna í Kaupmannahöfn.



Nordjobb

Verkefnisstjóri Nordjobb á Íslandi starfar á skrifstofu Norræna félagsins og er verkefnið styrkt af Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu á Íslandi. Með styrk ráðuneytisins hefur verið mögulegt að ráða verkefnisstjóra sem starfar við Nordjobb á Íslandi í fullu starfi allan ársins hring.

Árið 2022 var starfsemi Nordjobb á Íslandi komin í eðlilegt horf á ný eftir heimsfaraldur. Fjöldi ungmenna frá hinum norrænu löndunum sem kom til Íslands var töluvert meiri en á árunum fyrir heimsfaraldur. Íslenskum ungmönnum sem fóru út á vegum Nordjobb fjölgaði einnig milli ára. Niðurstöður verkefnisins voru því góðar.

Nordjobb hefur þróað samstarf við vinnuveitendur sem taka á móti ungmönnum á vegum Nordjobb um land allt. Um er að ræða bæði lítil fjölskyldufyrirtæki og stærri vinnuveitendur sem ráða starfsfólk gegnum Nordjobb. Eitt af mikilvægustu hlutverkum Nordjobb er að vera í nánú samstarfi við vinnuveitendur til að tryggja að laun séu greidd í samræmi við viðeigandi kjara-samning og aðstæður á vinnustað séu góðar. Þannig getum við boðið upp á jákvæða upplifun fyrir ungmenni sem taka þátt í Nordjobb. Yfir sumartímenn skipulagði Nordjobb á Íslandi frístundadagskrá og tungumálanámskeið fyrir ungmenni sem voru í vinnu á Íslandi á vegum Nordjobb.

Allt árið var mikil áhersla lögð á kynningarstarfsemi innanlands. Langtímamarkmið Nordjobb á Íslandi er að efla þátttöku íslenskra ungmenna í verkefninu. Kynningarstarfsemi fer fram í menntaskólum, viðburðum eins og Framadögum HR, gegnum samfélagsmiðla, kostaðar auglýsingar o.s.frv. Nordjobb er einnig í nánú samstarfi við Vinnumálastofnun en samstarfið felst m.a. í því að öll störf sem auglýst eru gegnum Nordjobb birtast einnig á heimasíðu stofnunarinnar. Verkefnisstjóri Nordjobb hefur einnig kynnt verkefnið fyrir ráðgjöfum stofnunarinnar. Annar mikilvægur samstarfsaðili er Félag náms- og starfsráðgjafa.

Starfsemi Nordjobb fer fram allan ársins hring. Flestir sem sækja um Nordjobb eru í leit að sumarstarfi en Nordjobb býður einnig upp á haust- og vetrarstörf. Nordjobb hentar því bæði námsfólki og öllum sem hafa áhuga á að prófa að búa í öðru norrænu landi.

Snorraverkefnið

Fjölbreytt samskipti við Vestur-Íslendinga og ævintýri í Vesturheimi.

Norræna félagið vinnur með Þjóðræknisfélagi Íslendinga að Snorraverkefninu, sem gefur ungu fólki af íslenskum ættum í Kanada og Bandaríkjunum möguleika á að heimsækja Ísland og kynnst landi og þjóð, og gerir íslenskum ungmennum kleift að heimsækja Íslendingabyggðir vestan hafs.

Árið 2022 komu alls 35 manns í tveimur hópum til landsins, sem er stærsti hópur frá upphafi. 22 ungmenni komu frá ýmsum stöðum í Norður-Ameríku og dvöldu hér á landi frá 12. júní til 15. júlí. Um miðjan ágúst komu síðan 13 manns, einnig frá ýmsum stöðum í Kanada og Bandaríkjunum, og dvöldu í tvær vikur.


Hjá Snorrasjóði starfar að jafnaði einn starfsmaður í fullu starfi. Snorraverkefnið eru unnin af mikilli alúð og allir sem koma að þeim bera hag þeirra fyrir brjósti. Síðasta sumar sýndi hversu mikilvæg verkefnið eru og skipta miklu máli til að viðhalda góðum og djúpum tengslum afkomenda Vesturfaranna til heimahaganna.

Sagan hefur sýnt að með þátttöku í Snorraverkefninu kynnist unga fólkið daglegu lífi og er ein af forsendum þess að saga Vesturfaranna og tengsl við afkomendur Vestur-Íslendinga í Norður-Ameríku lifi áfram.

THE SNORRI PROGRAMS



Connecting Icelanders and North Americans since 1999



Annað

Fjölmiðlaumfjöllun

Norræna félagið og verkefni þess voru mikið til umfjöllunar í fjölmiðum á árinu. Hrannar Björn Arnarsson formaður félagsins ræddi 100 ára afmælið, Dag Norðurlanda, og norrænt samstarf á Hringbraut, í Morgunblaðinu, Síðdegisútvarpinu, Fréttablaðinu og fleiri fréttamiðlum. Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir formaður afmælisnefndar fór yfir afmælisárið í Fréttablaðinu og ritaði grein á stofndeggi þess. Pála Hallgrímsdóttir verkefnastjóri Snorraverkefnanna fór í viðtal í Mannlega þáttinn á Rás 1 þar sem verkefnin, sumarið fram undan og ferðalög til Norður-Ameríku í Snorra West verkefninu voru m.a. rædd.

Framadagar í Háskólanum í Reykjavík

Framadagar AIESEC er árlegur viðburður þar sem valin fyrirtæki kynna starfsemi sína fyrir yngri kynslóðum atvinnumarkaðarins og þann 11. mars mættu fulltrúar frá Norræna félaginu og kynntu nokkur af verkefnum félagsins t.a.m. Nordjobb, Snorraverkefnið og Info Norden.

Heimasíða Norræna félagsins

Ný og uppfærð heimasíða Norræna félagsins fór í loftið 24. mars.

Breytt staða varnarmála á Norðurlöndum

Svíþjóð og Finnland hafa sótt um aðild að NATO. Danir hafa samþykkt að taka þátt í varnarsamstarfi Evrópusamstarfsins. Hvaða afleiðingar hefur það fyrir stöðu Norðurlanda á sviði varnarmála? Hvað með stöðu Íslands innan samstarfsins í Evrópu? Þann 14. júní boðaði Norræna félagið á Höfuðborgarsvæðinu til hádegisfundar þar sem þessi mál voru rædd undir stjórn Boga Ágústssonar fréttamanns og fyrrv. formanns Norræna félagsins. Viðmælendur voru Björn Bjarnason fyrrv. ráðherra og Baldur Þórhallsson.

Norrænt málþing um tungumál

Þann 27. júní fór fram norrænt málþing í Veröld - húsi Vigdísar um hvernig tæknilegar lausnir geta stuðlað að auknum norrænum tungumálaskilningi auk dæma um snjalltöl sem aukið geta áhuga almennings, einkum barna og ungmenna, á tungumálum nágrannaþjóða sinna á Norðurlöndum.

Heimsókn frá ráðherra

Í desember fékk Norræna félagið á Íslandi góða heimsókn frá Lilju Alfreðsdóttur menningar- og ferðamálaráðherra þar sem meðal annars var farið yfir helstu verkefni félagsins, og rætt um mikilvægi norræns samstarfs og framtíð þess.



Um Norræna félagið

Markmið Norræna félagsins er að efla norrænt samstarf á öllum sviðum samfélagsins, einkum í félags-, menningar- og umhverfismálum og styrkja vináttutengsl við aðrar Norðurlandþjóðir. Félagið vinnur að markmiðum sínum með því að stuðla að samskiptum milli einstaklinga, félagsdeilda og byggðarlaga og við systurfélög sín á Norðurlöndum innan vébanda Sambands Norrænu félaganna (Foreningen Nordens Forbund, FNF). Norræna félagið starfar í deildum víða um landið og stendur fyrir ýmsum viðburðum, tungumálanámskeiðum, vinabæjamótum, útgáfu og fleiru.



NORRÆNA
FÉLAGIÐ
1922 - 2022

Norræna félagið

Óðinsgötu 7
101 Reykjavík
Ísland
www.norden.is

Norrænu félögin

(DK) Foreningen NORDEN

www.foreningen-norden.dk

(SE) Föreningen Norden

www.norden.se

(NO) Foreningen Norden

www.norden.no

(FI) Pohjola-Norden

www.pohjola-norden.fi

(FØ) Norrøna Felagið Føroyum

www.norden.fo

(ÅL) Föreningen Norden på Åland

www.norden.ax

Foreningerne Nordens Forbund

www.fnfnorden.org

Verkefni

Nordjobb

www.nordjobb.org/is

Info Norden

www.infonorden.is

Snorraverkefni

www.snorri.is

Norden i Skolen

www.nordeniskolen.org/is

Lýðháskólastyrkir

www.norden.is/styrkur

Norræn bókmenntavika

www.nordisklitteratur.org/is

Nordic Civ

www.norden.is/nordicciv